

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 11/1999
frá 29. janúar 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/98 frá 18. desember 1998⁽¹⁾.

Áttunda tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/44/EB frá 22. júlí 1997 um ákvæði varðandi sumartíma⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Vegna legu landsins tekur Ísland mið af heimstíma (GMT) allt árið.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í stað textans í lið 68b (sjöunda tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/21/EB) í XIII. viðauka við samninginn komi eftirfarandi:

„**397 L 0044:** Áttunda tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/44/EB frá 22. júlí 1997 um ákvæði varðandi sumartíma (Stjtið. EB L 206, 1.8.1997, bls. 62).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 297, 18.11.1999, bls. 5 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 18.11.1999, bls. 77.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 206, 1.8.1997, bls. 62.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Tilskipun þessi gildir ekki um Ísland.“

2. gr.

Fullgiltur texti áttundu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/44/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 30. janúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 29. janúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner
